

Söngdagskrá Ísaksskóla 2018 – 2019

23. – 26. apríl

Lóan er komin
Heyr himnasmiður
Er ég verð stór
Ó, blessuð vertu sumarsól
Kvæðið um fuglana
Vikivaki

29. apríl - 3. maí

Er ég verð stór
Ó, blessuð vertu sumarsól
Kvæðið um fuglana
Vikivaki
Vorið góða grænt og hlýtt
Sunna

6. - 10. maí

Kvæðið um fuglana
Vikivaki
Vorið góða grænt og hlýtt
Sunna
Malaika
Hver á sér fegra föðurland

Heyr, himna smiður

Lag: Þorkell Sigurbjörnsson
Ljóð: Kolbeinn Tumason

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Ó, blessuð vertu sumarsól

Lag: Ingi T. Lárusson

Ljóð: Páll Ólafsson

Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.
Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár,
nú fellur heitur haddur þinn
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns
og hvar sem tárin kvika á kinn
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrin löng
og heim í sveitir sendirðu æ
úr suðri hlýjan blæ.

Lóan er komin

Lag: James A. Bland

Ljóð: Páll Ólafsson

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefir sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefir sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Er ég verð stór

Lag og ljóð : Tim Minchin
Íslensk þýðing: Gísli Rúnar Jónsson

Er ég verð stór
verð ég svo stór að ég mun ná í næði
næstum mun ég ná í hæðir
sem ég þarf að ná er ég verð stór.

Og er ég verð stór
þá mun ég klórust kunna svör við því
sem kennararnir spurðu mig,
ég veit það allt er verð ég svo stór.

Og er ég verð stór
stóla' á gotteri hvern dag
er í vinnu fer og seint að sofa
fer ég sérhvert kvöld.

Á fætur ég fer fyrir sólarupprás
ég mun glápa' á teiknimynd og gleyma mér
mér sama er því ég verð orðin stór
er ég verð stór.

Enda þótt lífið það sé ósanngjarnt
þarftu ekki' að þola óréttlæti og vankant
ef þú umberð alltaf einn og sérhvern mannfannt.
Þá breytist ei neitt.

Enda þótt ég taki þátt í þeirri sögu
þýðir ekki' að ég sé skrifuð í þá sögu.
Ef ég held að endirinn sé fullfrágenginn
ég gæti allt eins sagt að mér finnist það OK.
Og það er rangt!

Malaika

Lag og ljóð frá Kenía

Malaika, nakupenda Malaika
Malaika, nakupenda Malaika
Nami nifanya je, kija na mwenzio
Nashindwa na mali sina we
Ninge kuda Malaika

Kvæðið um fuglana

Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Davíð Stefánsson

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Vorið góða, grænt og hlýtt

Lag: F. Mendelssohn
Ljóð: H. Heine / Jónas Hallgrímsson

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn,
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.

Kveður í runni, kvakar í mó
kvikur þrastasöngur;
eins mig fýsir alltaf þó:
aftur að fara' í göngur.

Vikivaki

Lag: Valgeir Guðjónsson
Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylunn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Aaaa, aaaaa.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Aaaa, aaaaa.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Sunna

Lag: Arndís Ólafsdóttir
Ljóð: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Sól, þér helgum sigurlag
og syngjum lof af hjarta.
Þú breytir hríðar dimmu í dag
uns dægri litum skarta.
Já, þiggðu okkar þakkarbrag,
þokkagyðjan bjarta,
já, þiggðu okkar þakkarbrag,
þokkagyðjan bjarta.

Þegar vetrardrugginn dvín
og dregur hægt að vori,
Þorri hörfar heim til sín
hrímþungur í spori,
þú feimin yfir fjallsbrún skín
og fyllir brjóstið þori,
þú feimin yfir fjallsbrún skín
og fyllir brjóstið þori.

Hver á sér fegra föðurland

Lag: Emil Thoroddsen
Ljóð: Hulda

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ,
hún uni grandvör, farsæl, fróð
og frjáls - við ysta haf.